

Desember 2024



Ársskýrsla

Landsráðs um mönnun og
menntun í heilbrigðisþjónustu

Júní 2023 til júní 2024

Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið

Útgefandi:

Heilbrigðisráðuneytið

Ársskýrsla Landsráðs um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu

Desember 2024

hrn@hrn.is

www.hrn.is

Umbrot og textavinnsla:

Heilbrigðisráðuneytið

©2022 Heilbrigðisráðuneytið

ISBN 978-9935-515-62-9

Efnisyfirlit

Samantekt	4
1. Fulltrúar landsráðs	5
2. Markmið og áherslur í starfi landsráðs	6
2.1 Yfirlit funda.....	6
3. Formleg erindi til landsráðs frá ráðherra eða ráðuneytisstjóra	8
3.1 Minnisblöð	8
3.2 Verkefni landsráðs.....	9
4. Áætlun um aðgerðir í þágu mönnunar og menntunar í heilbrigðisþjónustu	11
4.1 Sí- og endurmenntun heilbrigðisstarfsfólks	11
4.2 Önnur mikilvæg verkefni til að bæta mönnun og menntun heilbrigðisstarfsfólks.....	12

Töfluskrá

Tafla 1: <i>Fundir landsráðs eftir mánuðum</i>	7
--	---

Samantekt

Ársskýrsla landsráðs um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu er yfirlit verkefna landsráðs ár hvert. Þriðja starfsár landsráðs var frá júní 2023 til júní 2024. Haldnir voru 15 formlegir fundir landsráðs veturinn 2023 til 2024. Landsráð skilaði 4 minnisblöðum til heilbrigðisráðherra á sínu þriðja starfsári. Landsráð hefur lagt áherslu á að kynna sig og heyra sjónarmið hagsmunaaðila eins og fagfélaga heilbrigðisstarfsfólks, fulltrúa heilbrigðisþjónustunnar, sjúklingasamtaka og fulltrúa hinna ýmsu heilbrigðisgreina frá menntastofnunum.

1. Fulltrúar landsráðs

Landsráð var skipað af heilbrigðisráðherra samkvæmt tilnefningum eftirtalinnna aðila og sátu eftirtaldir fulltrúar í ráðinu þriðja starfsárið:

- Formaður: Bára Hildur Jóhannsdóttir, skipuð án tilnefningar til desember 2023 og Ólöf Guðný Geirsdóttir frá mars 2024.
- Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti: Ólafur Grétar Kristjánsson og Una Strand Viðarsdóttir til vara.
- Mennta- og barnamálaráðuneyti: Krístrún Sigurðardóttir og Ragnheiður Bóasdóttir til vara.
- Embætti landlæknis: Anna Margrét Halldórsdóttir og Anna Margrét Guðmundsdóttir til vara.
- Heilbrigðisstofnanir: Tómas Þór Ágústsson og Hildur Elísabet Pétursdóttir til vara.
- Heilsugæsla: Svava Kristín Þorkelsdóttir og Elínborg Bárðardóttir til vara.
- Heilbrigðisvísindasvið háskólanna: Gísli Kort Kristófersson og Ólöf Guðný Geirsdóttir til vara.
- Samband íslenskra sveitarfélaga: Valdimar O. Hermannsson og María Ingibjörg Kristjánsdóttir til vara.

Starfsmenn landsráðs f.h. heilbrigðisráðuneytisins: Dagmar Huld Matthíasdóttir, Ester Petra Gunnarsdóttir og Andrea Jónsdóttir.

2. Markmið og áherslur í starfi landsráðs

Samkvæmt skipunarbréfi hefur landsráð það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir undirbúning ákvarðana heilbrigðisráðherra á sviði mönnunar og menntunar í heilbrigðisþjónustu. Landsráð starfar einnig sem samráðsvettvangur með virku samráði við fjölbreyttan hóp hagsmunaaðila, svo sem fagfélög heilbrigðisstétta, sjúklinga, sjúklingasamtök, mennta- og heilbrigðisstofnanir og aðra sem tengjast heilbrigðiskerfinu. Landsráð skal skila ráðherra ár hvert ársskýrslu með tillögum að aðgerðaráætlun sem fjallar um aðgerðir í þágu mönnunar og menntunar í heilbrigðisþjónustu. Landsráð vinnur í þágu alls heilbrigðiskerfisins óháð landshlutum eða heilbrigðisstéttum. Lögð er áhersla á heildræna sýn með því að horfa á heildina, þ.e. alla landshluta og allar heilbrigðisstéttir þegar tillögur eru lagðar fyrir ráðherra.

Helstu áherslur í starfi landsráðs eru að tryggja að réttur starfsmaður með rétta hæfni sé á réttum stað, á réttum tíma og á réttu þjónustustigi fyrir sjúkling. Jafnframt að notandi heilbrigðisþjónustunnar sé ávallt í forgrunni og að gæði, öryggi og hagkvæmni séu ávallt leiðarljós í allri heilbrigðisþjónustu sem veitt er hér á landi.

Landsráð leggur einnig sérstaka áherslu á:

- Aukna þverfaglega teymisvinnu
- Aukna nýsköpun og notkun stafrænna lausna
- Aukið vægi fjarnáms heilbrigðisstétta
- Nýjar leiðir í menntun, fræðslu og þjálfun heilbrigðisstétta

2.1 Yfirlit funda

Landsráð fundaði alla jafna tvisvar í mánuði. Alls voru haldnir 15 formlegir fundir landsráðs þriðja starfsárið, sjá yfirlit hér fyrir neðan. Auk framangreindra funda hafa fulltrúar landsráðs einnig fundað í smærri hópum og með ýmsum fagaðilum til að ræða ýmis verkefni sem landsráði voru falin og finna á þeim lausnir. Þá tók landsráð þátt í að undirbúa vinnustofu með heilbrigðisráðuneytinu fyrir hagsmunaaðila um lyfjaumsýslu á heilbrigðisstofnunum sem haldin var í september 2024.¹

¹ Vinnustofan var haldin 26. september á 4. starfsári landsráðs og verður því fjallað nánar um hana í næstu ársskýrslu

Tafla 1: Fundir landsráðs eftir mánuðum

Formlegir fundir		
2023	Júní	2
2023	Ágúst	1
2023	September	2
2023	Október	2
2023	Nóvember	1
2023	Desember	2
2024	Mars	1
2024	Apríl	2
2024	Mái	2

3. Formleg erindi til landsráðs frá ráðherra eða ráðuneytisstjóra

Frá árinu 2021 hafa alls 13 formleg erindi borist landsráði frá ráðherra eða ráðuneytisstjóra heilbrigðisráðuneytisins. Erindum til afgreiðslu hefur verið forgangsraðað eftir áherslum ráðuneytisins.

Erindin eru eftirfarandi (í tímaröð):

1. Mönnun gjörgæsludeilda vegna Covid-19 faraldurs – ágúst 2021
2. Fjármögnun sérnáms á heilbrigðisstofnunum – ágúst 2021
3. Verkaskipting milli heilbrigðisstétta með áherslu á störf sjúkraliða – ágúst 2021
4. Hvort fjölga þurfi nemendum í meistaranámi í félagsráðgjöf – september 2021
5. Verkleg þjálfun sem skilyrði fyrir starfsleyfi sem sálfræðingur – nóvember 2021
6. Möguleikar á námi í heyrnarfræði á Íslandi – desember 2021
7. Tilhögun sérnáms lækna og hjúkrunarfræðinga – desember 2021
8. Mönnun talmeinafræðinga – janúar 2022
9. Nám í sjúkraflutningum, bráðatæknánám og tillögur til framtíðar – janúar 2022
10. Mönnun ljósmæðra til framtíðar – janúar 2022
11. Mönnun í tannheilbrigðisþjónustu – desember 2022
12. Mönnun sjúkranuddara og möguleiki á kennslu hér á landi – janúar 2023
13. Vinnustofa um umsýslu lyfja á heilbrigðisstofnunum

3.1 Minnisblöð

Landsráð hefur skilað alls 20 minnisblöðum, 8 á fyrsta starfsári, 8 á öðru starfsári og 4 á þriðja starfsári. Ráðherra hefur samþykkt 15 þeirra óbreytt og í einhverjum tilfellum var óskað eftir nánari vinnslu eða niðurbroti tillagna hjá landsráði eða innan ráðuneytisins. Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir minnisblöðin og hvenær þau voru samþykkt.

Nr.	Minnisblað til ráðherra/ráðuneytis	Samþykkt af ráðherra	Ósamþykkt	Starfsár
1	Fyrstu verkefni landsráðs		x	1
2	Aukið aðgengi að framhaldsnámsstöðum gjörgæsluhjúkrunarfræðinga	ágú.21		1
3	Fjármögnun sérnáms til heilbrigðisstofnana	sep.21		1
4	Niðurstöður og tillögur varðandi verkaskiptingu heilbrigðisstétta	sep.21		1
5	Mönnun og menntun nemenda í meistaranámi í félagsráðgjöf	feb.22		1
6	Nám í sjúkraflutningum og bráðateknanám - fasi 1	feb.22		1
7	Nám í sjúkraflutningum og bráðateknanám - fasi 2	jún.23		2
8	Verkleg þjálfun til starfsleyfis fyrir sálfræðinga - fasi 1	maí.22		1
9	Verkleg þjálfun til starfsleyfis fyrir sálfræðinga - fasi 2	sep.23		2
10	Starfsumhverfi í heilbrigðisþjónustu - leiðir til úrbóta		x	2
11	Mönnun og menntun talmeinafræðinga	maí.22		2
12	Vinnustofur um verkaskiptingu - haust 2022		x	2
13	Vinnustofa um lyfjamál - haust 2022		x	2
14	Mönnun ljósmæðra	mar.23		2
15	Nám í heyrnarfræði - 1. fasi	feb.22		1
16	Nám í heyrnarfræði - 2. fasi	jún.23		2
17	Mönnun og nám í sjúkranuddi, tenging við heilsunudd		x	3
18	Afstada landsráðs varðandi möguleika á sérfræðileyfum sjúkraliða	nóv.23		3
19	Læknisvottorð til skóla og vinnuveitenda, aðkoma heimilislækna	jan.24		3
20	Tillögur landsráðs um mönnun tannheilbrigðisþjónustu	feb.24		3

3.2 Verkefni landsráðs

Öllum minnisblöðum frá landsráði til ráðherra hafa fylgt tillögur að verkefnum sem landsráð hefur fylgt eftir með beinum eða óbeinum hætti. Þau verkefni sem ráðherra hefur samþykkt hafa ýmist verið falin heilbrigðisstofnunum til framkvæmda eða vísað til menntastofnana, ráðuneytis háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar eða ráðuneytis mennta- og barnamála. Önnur hafa verið unnin af heilbrigðisráðuneytinu eftir atvikum í samstarfi við aðra og enn önnur unnin í samstarfi landsráðs við aðrar stofnanir og/eða fagfélög. Þá hefur landsráð á fundum sínum komið að málum einstaka heilbrigðisstétt eins og áfengis- og vímuefnaráðgjafa og fóttaaðgerðarfræðinga.

Tvö stærstu verkefni landsráðs sem eru enn í vinnslu í heilbrigðisráðuneytinu og má búast við að verði það áfram næstu tvö ár í það minnsta eru verkefni sem varða fjármögnun sérnáms til heilbrigðisstofnana og verkaskiptingu milli heilbrigðisstétta.

Eins og fram kemur hér að ofan tók landsráð þátt í undirbúningi vinnustofu um breytingar á hlutverkum heilbrigðisstarfsfólks við lyfjaumsýslu á heilbrigðisstofnunum. Landsráð mun vinna áfram með heilbrigðisráðuneytinu við úrvinnslu niðurstaðna vinnustofunnar er varðar m.a. aukna teymisvinnu og

mögulegar breytingar á starfssviði heilbrigðisstarfsmanna. Það er ekki síst mikilvægt á þeim fagsviðum þar sem viðvarandi skortur er á heilbrigðisstarffólki með það að markmiði að þekking og hæfni hvernar starfsstéttar nýtist sem best. Skoða þarf sí- og endurmenntun í því samhengi og hugsanlegar breytingar á námskrám heilbrigðisstarfsmanna með það að leiðarljósi að bæta öryggi, gæði og hagkvæmni í þjónustu við sjúklinga og skilvirkni í heilbrigðisþjónustu. Eftirfarandi verkefni sem heilbrigðisráðherra og ráðuneytisstjóri hafa falið landsráði eru í vinnslu:

- Sérnám lækna og hjúkrunarfræðinga framtíðarfyrirkomulag og útfærsla.
- Landsráð vinni að því í samstarfi við sí- og endurmenntunarmiðstöðvar landsins að auka framboð á námskeiðum til ýmiss konar sérhæfingar fyrir starfsfólk innan heilbrigðisþjónustunnar. Frá stuttum námskeiðum til lengri sérhæfingar, auk námskeiða í þverfaglegri teymisvinnu.

4. Áætlun um aðgerðir í þágu mönnunar og menntunar í heilbrigðisþjónustu

Aðgerðaráætlun landsráðs til ráðherra fjallar um aðgerðir í þágu mönnunar og menntunar í heilbrigðisþjónustu.

Hér á eftir kemur umfjöllun um þau verkefni sem landsráð telur mikilvægt að lögð verði áhersla á veturinn 2024 til 2025.

4.1 Sí- og endurmenntun heilbrigðisstarfsfólks

Á fundum landsráðs, m.a. með hagsmunahöfum, hafa endurtekið komið fram ábendingar um þörf á umbótum hvað varðar tækifæri heilbrigðisstétta til sí- og endurmenntunar með það að markmiði að auka öryggi notenda, gæði heilbrigðisþjónustu og koma nýrri þekkingu á framfæri. Þá þarf að eiga sér stað umræða um hvernig hægt er að veita heilbrigðisstarfsfólki tækifæri til að sækja slíka fræðslu sem hluta af starfinu.

Í reglugerðum allra löggiltra heilbrigðisstétta, samkvæmt lögum nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn, er kveðið á um faglegar kröfur og ábyrgð. Í reglugerð hvernar löggiltrar heilbrigðisstéttar kemur fram að heilbrigðisstarfsmanni ber að viðhalda þekkingu sinni og faglegri færni ásamt því að tileinka sér nýjungar er varða starfið. Í reglugerð um lækna er gengið lengra og þess krafist af læknum að þeir skrái upplýsingar um símenntun sína í samræmi við tilmæli fagfélags og að þeir skuli sinna upplýsingaskyldu til vinnuveitanda varðandi símenntun sína eins og við á, en þeirri kröfu var bætt inn með nýrri reglugerð árið 2023.

Landsráð leggur áherslu á að bæta þurfi skráningu og í kjölfar þess eftirlit með símenntun heilbrigðisstarfsmanna. Landsráð hefur rætt um það á fundum sínum hvort sí- og endurmenntun ætti að verða skilyrði fyrir því að viðhalda starfsleyfi sem heilbrigðisstarfsmaður. Einnig hvort það ætti að gera kröfu um að heilbrigðisstarfsmenn sem ekki hafa lagt stund á fag sitt í mörg ár en vilja snúa aftur til starfa í heilbrigðisþjónustu standist hæfnispróf eða ljúki aðlögunartíma.

Landsráð ræddi um að það væri mikilvægt gæða og öryggismál að þess væri krafist af heilbrigðisstarfsfólki að það viðhaldi færni sinni og þekkingu og tileinki sér nýjungar í starfi. Hins vegar geti verið flókið að koma því í framkvæmd að haldið sé utan um sí- og endurmenntun starfsfólks.

Þá var bent á að í gildi séu stofnanasamningar við allar heilbrigðisstéttir fyrir utan lækna. Á grundvelli ólíkra stofnanasamninga sé sí- og endurmenntun mismunandi heilbrigðisstétta metin til launa á ólíkan hátt. Ef til vill sé ekki nægilegur hvati fyrir heilbrigðisstarfsfólk til að sinna sí- og endurmenntun á grundvelli gildandi stofnanasamninga.

Í samhengi við strangari kröfur til að viðhalda starfsleyfi sem heilbrigðisstarfsmaður var þó einnig bent á að mikilvægt væri að bjóða upp á

fjölbreytt námstækifæri til endurmenntunar svo ekki yrði skortur á heilbrigðismenntuðu starfsfólki.

Landsráð var sammála um að fyrsta skrefið sé að lögfesta skyldu á herðar heilbrigðisstarfsmönnum að skrásetja sí- og endurmenntun sína. Líklega væri best að fela fagfélögum að halda utan um skráninguna. Síðan þyrfti að ákveða næstu skref og taka þau í þrepum yfir nokkurra ára tímabil. Lokaútfærslan yrði með þeim hætti að starfsleyfi falli úr gildi ef gæðavottað sí- og endurmenntun hefur ekki verið sinnt, a.m.k. fyrir þær heilbrigðisstéttir þar sem sí- og endurmenntun er talin nauðsynleg forsenda fyrir öryggi sjúklinga sem þær sinna og gæðum þjónustunnar sem þær veita.

4.2 Önnur mikilvæg verkefni til að bæta mönnun og menntun heilbrigðisstarfsfólks

Upplýsingagiöf til landsráðs. Landsráð leggur áherslu á að vera upplýst um þau verkefni sem unnin eru hjá heilbrigðisráðuneyti á sviði mönnunar og menntunar. Markmið með þessari áherslu er veita málefnum stuðning og liðsinni svo þau nái fram að ganga.

Samfella í námi eftir skólakerfum. Leggja þarf áherslu á samfellu í námi heilbrigðisstétta og að allar heilbrigðisstéttir verði innan hins hefðbundna skólakerfis svo mögulegt verði að fá menntun metna þar sem slíkt á við. Nú þegar hefur verið lögð áhersla á kynningu á námsgreinum á framhaldsskólástigi. Næstu skref ættu að vera að teikna leiðarvísi (e. road map) um tengingu náms í heilbrigðisgreinum og tryggja fjölbreyttar námsleiðir á ólíkum stigum. Þá þarf að leggja áherslu á að menntun samkvæmt íslenska hæfniramma fyrir menntun², þar sem slíkt er hægt.

Gagnagrunnur á landsvísu um klínísk störf og námsstöður. Halda þarf áfram að safna gögnum er varða klínísk námspláss/verknámspláss á viðurkenndum heilbrigðisstofnunum. Með því móti fæst yfirsýn yfir námsstöður sem mun sýna fram á hvaða aðgerðir þarf að ráðast í til að fjölga verknámsplássum/klínískum námsplássum í námsgreinum þar sem mestur skortur er á heilbrigðisstarfsfólki og hamlandi þáttur á nýliðun er skortur á klínískum plássum.

Stjórnendabjálfun er nauðsynlegt að efla. Stjórnendur eru lykilaðilar við að móta enn betra starfsumhverfi. Tryggja þarf stuðning við stjórnendur í starfi og nauðsynlega nýliðun í hópi stjórnenda. Lagt er til að slík þjálfun verði unnin með aðkomu stjórnendaseturs ríkisins fyrir heilbrigðisstofnanir. Horfa

² <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/framhaldsskolar/haefnirammi-um-islenska-menntun/>

þarf til sameiginlegrar stjórnendabjálfunar þvert á heilbrigðisstofnanir með það að markmiði að auka heildarsýn, samstarf og samvinnu stofnana sem og jafningjastuðning.

